

## Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um hljóðvist.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hversu mörg heimili á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni liggja á svæðum þar sem hávaði fer yfir heilsuspillandi mörk samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og íslenskum reglum þar um?
- Hversu oft hefur Umhverfisstofnun eða sveitarfélög gert mælingar á hávaða undanfarin fimm ár og hversu oft hefur verið gripið til úrbóta í kjölfarið?
- Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar til að bæta hljóðvist í íbúðarhverfum og á svæðum þar sem fólk dvelur, svo sem vinnustöðum, skólum og leikskólum?
- Hefur ráðherra í hyggju að herða reglur um hávaðamörk í samræmi við alþjóðleg viðmið og tryggja virkara eftirlit með þeim?
- Hefur verið metið hvort stjórnvöld beri ábyrgð á skaða sem íbúar kunna að hafa orðið fyrir vegna vanrækslu á að tryggja ásættanlega hljóðvist?

Skriflegt svar óskast.